


Akureyri 9. júní 2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis **frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs**, 4. mál, flutningur úrgangs milli landa, EES-reglur. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórn Eyþings gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

f.h. stjórnar Eyþings



Pjetur Þór Jónasson  
frankvæmdastjóri

Umhverfisnefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 137/128*  
*komudagur 9.6.2009*

Reykjavík, 6. júní 2009

**Umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.**

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis dags. 27. maí 2009 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum, 4. mál, flutningur úrgangs milli landa, EES-reglur. Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa hefur farið yfir meðfylgjandi gögn og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Almennar athugasemdir:

Almennt séð gerir félagið ekki athugasemdir við frumvarpið. Um er að ræða innleiðingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1013/2006 og er þessi breyting sem nauðsynleg er til að skýra ábyrgð og eftirlit með flutningi úrgangs milli landa.

Athugasemdir við einstaka greinar:


3. gr., liður d, (15. gr., *Eftirlit og sýnataka*).

Skv. þessari grein skal Umhverfisstofnun fara með eftirlit með flutningi úrgangs milli landa. Stofnuninni skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits að einstökum förmum úrgangs sem fluttur er milli landa, þar á meðal til töku sýna og myndatöku. *Heimild þessi nær einnig til úrgangs sem er undirbúinn til flutnings.* Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna hefur eftirlit með þeim fyrirtækjum sem taka á móti úrgangi og þá einnig undirbúa hann til flutnings erlendis. Haft er eftirlit með öllum þáttum starfseminnar. Hér gæti eftirlit skarast, þetta þarf að skýra betur til að koma í veg fyrir að tvöfalt eftirlit verði með fyrirtækjunum.

3. gr., liður b, (13. gr., *Takmörkun á flutningi úrgangs*)

Hér kemur fram að Umhverfisstofnun skeri úr ef upp kemur ágreiningur um hvort um vöru eða úrgang er að ræða og sætir sú ákvörðun ekki endurskoðun æðra stjórnvalds. Að mati félagsins ætti að vera málskotsréttur varðandi þessar ákvarðanir eins og aðrar, enda fresti kæra ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Virðingarfyllst,  
fyrir hönd Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa,

  
Svava Svanborg Steinarsdóttir,  
formaður

Nefndasvið Alþingis  
B.t. umhverfisnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. júní 2009

**Efni: Umsögn FÍS um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.**

## I. Almennt

Vísað er til erindis háttvirtrar umhverfisnefndar Alþingis dagsett 27. maí 2009 þar sem óskað er umsagnar FÍS um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.

## II. Ábendingar

Er varðar einstakar greinar frumvarpsins leggur FÍS til nokkrar breytingar og gerir eftirfarandi athugasemdir:

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins*

### 1. gr.

Skilgreining á framleiðanda úrgangs er ófullnægjandi að mati FÍS. Orðalagið „aðili sem veldur því að úrgangur myndast“<sup>1</sup> er of rúmt og skýrir ekki frekar hvaða aðilar eigi að falla þar undir. Það hljóta að þurfa að gilda einhver mörk eða viðmið um það hvenær aðili telst vera framleiðandi úrgangs. Það getur ekki verið ætlunin að allir aðilar, hversu smáir sem þeir séu, eigi að falla undir skilgreininguna og þar með frumvarpið ef það verður að lögum.

### 3. gr. a. (12. gr.)

*Skráning og tilkynningarskylda.*

Greinin eins og hún er sett upp er óskýr og tvíræð. Rætt er um framleiðanda úrgangs og aðila sem hefur úrgang í vörslu sinni í 1. mgr. og hvílir skráningarskylda á þeim aðilum. Í 2. mgr. er svo kveðið á um þann aðila sem meðhöndlar úrgang en sá aðili er

<sup>1</sup> Þýðing á „ ‘producer’ is anyone whose activities produce waste (original producer) and/or anyone who carries out preprocessing, mixing or other operations resulting in a change in the nature or composition of this waste (new producer) (as defined in Article 1(1)(b) of Directive 2006/12/EC);“ úr reglugerð nr. 1013/2006/EB.

tilkynningarskyldur. Betur færi að aðgreina þessar skyldur í tvær greinar fremur en eina og útlísta þá með ítarlegri hætti hvora skyldu fyrir sig, sérstaklega tilkynningarskylduna.

### 3. gr. b. (13. gr.)

#### *Takmörkun á flutningi úrgangs.*

Í 2. mgr. er kveðið á um að óheimilt sé að þynna eða blanda úrgang við undirbúning flutnings og á meðan á flutningi stendur. Þessi málsgrein samrýmist ekki fyrirsögn greinarinnar en FÍS leggur til að hún verði sett fram sem sérstök grein aðskilin þessari. Sá háttur er í samræmi við reglugerð nr. 1013/2006/EB um flutning úrgangs, sbr. 19. gr. hennar. Fyrirsögn nýrrar greinar gæti þá t.d. verið með eftirfarandi hætti: *Bann við þynningu og blöndun úrgangs eða Óheimilar aðgerðir.*

### 3. gr. d. (15. gr.)

#### *Eftirlit og sýnataka.*

FÍS leggur til að orðinu *um* verði bætt við lokamálslið greinarinnar á eftirfarandi hátt:

Um eftirlit og sýnatöku skal kveða nánar á *um* í reglugerð.

### 3. gr. e. (16. gr.)

#### *Gjaldtaka.*

Mikilvægt er að ákvæði sem heimila gjaldtöku séu skýr. Þegar löggjafinn tekur ákvörðun um að veita stjórnvaldi lagaheimild til töku þjónustugjalda verður á grundvelli sjónarmiða um réttaröryggi borgaranna að gera tilteknar kröfur til skýrleika og framsetningar viðkomandi gjaldtökuheimildar. Það er því lagt er til að lokamálslið greinarinnar verði breytt með eftirfarandi hætti:

Upphæð gjalda *skv. þessari grein* skal *nema* kostnaði við veitta þjónustu og verkefni samkvæmt þessum kafla.

Nýlegir dómar Hæstaréttar í málum nr. 213/2005 og 352/2008 gefa einnig tilefni til að vanda vel til slíkrar gjaldtöku.

### 3. gr. g. (18. gr.)

#### *Ólöglegur flutningur.*

Ekki er skilgreint hvenær flutningur telst ólöglegur og er Umhverfisstofnun falið að meta það í hverju tilviki fyrir sig. Í reglugerð nr. 1013/2006/EB er hins vegar skilgreint með nákvæmum við hvaða aðstæður flutningur telst ólöglegur og væri hægt að hafa sama háttinn á í þessu frumvarpi með því að bæta þeirri skilgreiningu við 3. gr. laganna, þ.e. 1. gr. frumvarpsins. Verður að telja að skilgreining um þetta atriði sé mikilvægt þrátt fyrir að tilvik sem þessi séu ekki algeng þar sem kostnaður af ólöglegum flutningi fellur á ábyrgðaraðila í þeirri röð sem kveðið er á um í greininni. Í þeim tilvikum sem þetta kæmi til er því mikilvægt að heimildin til að leggja kostnað á aðila sé skýr og þá sérstaklega að matið á því hvort um ólöglegan innflutning sé að ræða verði ákvarðað með hlutlægum hætti. Það yrði hægt ef mat Umhverfisstofnunar myndi byggjast á skýrum hlutlægum reglum.



– fyrir íslenska verslun

Kostnaður sem hlýst af ólöglegum flutningi úrgangs skv. 1. mgr. greinarinnar skal greiddur af þeim aðila sem fyrstur kemur til greina í þeirri goggunarröð sem 2. mgr. kveður á um. Þessi skilningur kemur hins vegar ekki fram með skýrum hætti og leggur FÍS til að ákvæðið verði sett fram með neðangreindum hætti en athugasemdir eru í sviga:

Sá kostnaður sem hlýst af ólöglegum flutningi úrgangs skv. 1. mgr. skal greiddur af þeim aðila sem fyrstur kemur til greina í eftirfarandi röð:

- a. raunverulegum tilkynnanda, (vantar stafinn L í orðið *tilkynnanda* á þessum stað í greininni)
- b. tilkynnanda að lögum eða öðrum aðila sem tengist úrganginum, ef engin tilkynning hefur verið lögð fram, (hver getur talist tilkynnandi að lögum)
- c. Umhverfisstofnun (í frumvarpinu eru orðin *lögbært sendingarstjórnvald* notuð en hugtakið er ekki að finna undir skilgreiningum í 3. gr. laganna, sbr. hins vegar skilgreiningu í áður nefndri reglugerð nr. 1013/2006/EB '*competent authority of dispatch*'). Má ætla að bein þýðing henti ekki)

### 3. gr. h. (19. gr.)

*Skylda til að taka úrgang til baka.*

Með svipuðum hætti og að ofan vill FÍS gera athugasemdir við framsetningu 3. mgr. greinarinnar og leggur til eftirfarandi breytingar:

Sá kostnaður sem hlýst af móttöku úrgangs skv. 1. mgr. skal greiddur af þeim aðila sem fyrstur kemur til greina í eftirfarandi röð:

- a. tilkynnanda,
- b. öðrum aðila sem tengist úrganginum,
- c. Umhverfisstofnun,
- d. samkvæmt samkomulagi milli hlutaðeigandi lögbærra stjórnvalda.

### 5. gr.

Við 13. gr. laganna sem verður 20. gr. þeirra bætast sex stafliðir í stað k- og l-liðar. Framsetning þessara sex nýju stafliða er ábótavant hvað varðar skipulag. Uppsetningin er frekar ruglingsleg og óskýr en hún tekur ekki mið af því í hvaða röð reglugerðarheimildirnar sem kveðið er á um í greinum frumvarpsins birtast. Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi breytingar:

- k. skráningu og tilkynningarskyldu, sbr. 12. gr., eyðublöð fyrir tilkynningu um flutning úrgangs ásamt sértækum leiðbeiningum og hvaða upplýsingar og skjöl þurfa að fylgja tilkynningunni, (stafliðir um þessi atriði yrðu þó tveir ef



– fyrir íslenska verslun

ákveðið yrði að hafa ákvæði um skráningarskyldu og tilkynningarskyldu aðskilin)

- l. bann eða takmörkun á flutningi úrgangs til og frá tilteknum löndum, annars vegar til förgunar og hins vegar til endurnýtingar, sbr. 13. gr.,
- m. skilyrði fyrir samþykki Umhverfisstofnunar fyrir flutningi úrgangs og hvaða úrgangur er háður slíku samþykki, sbr. 14. gr.,
- n. eftirlit með flutningi úrgangs milli landa og sýnatöku, sbr. 15. gr.,
- o. nánari atriði er varða ólöglegan flutning, sbr. 18. gr., og skyldur aðila til að taka úrgang til baka, sbr. 19. gr.,
- p. önnur atriði sem samræmast iögum þessum.

### III. Annað

Að lokum áskilur FÍŚ sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt

Harpa Samúelsdóttir  
Lögfræðingur



– fyrir íslenska verslun

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 137/129*  
*komudagur 9.6. 2009*



FÉLAG UMHVERFISFRÆÐINGA  
Á ÍSLANDI

Félag umhverfisfræðinga á Íslandi  
Sólvallagötu 74, 101 Reykjavík

Reykjavík 8. júní 2009

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfisnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Málefni: Umsögn um 4. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum, nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.**

Félag umhverfisfræðinga á Íslandi (FUMÍ) hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

FUMÍ fagnar skýrari lagaramma í kringum úrgangsmál og að skráning á og eftirlit með meðhöndlun úrgangs og flutningi hans milli landa sé aukið. Félagið telur mikilvægt að hugað sé að ferlum er varða út- og innflutning á úrgangi og tryggt sé að vandamál sem upp kunna að koma tengd meðhöndlun og förgun úrgangs sé á höndum aðila í upprunalandi úrgangsins.

Í reglugerð Evrópuþingsins og -ráðsins (EB) nr. 1013/2006, sem umrætt frumvarp byggir á, er kveðið á um aðgang almennings að gögnum um flutning úrgangs en ekki er kveðið á um slíkt í frumvarpinu. FUMÍ saknar ákvæða sem tryggir aðgang almennings að upplýsingum er varða flutning úrgangs milli landa. Forsenda þess að almenningur geti staðið vörð um umhverfi sitt er að hann hafi aðgang að upplýsingum um umhverfismál.

Varðandi einstakar greinar frumvarpsins gerir FUMÍ eftirfarandi athugasemdir:

Um 2. gr.

FUMÍ fagnar aukinni vöktun og skráningu á heildarmagni úrgangs, tegundum úrgangs sem fargað er, hlutfalli endurnýtingar og endurnotkunar og árvissu mati á árangri vöktunarmælinga. Mikilvægt er að viðkomandi ábyrgðaraðilar geti ekki skorast undan því að skila inn upplýsingum af þessu tagi. Slíkar upplýsingar eru forsendur raunhæfrar stefnumótunar í úrgangsmálum og markvissrar vöktunar á stöðu þessara mála á landinu. Sama á við um 3. gr. d-lið (12. gr.).

Um 3. gr. d-lið (15. gr.).

Eftirlit og sýnataka eru mikilvægir liðir við framfylgd laganna og hvetur FUMÍ til þess að nægjanlegt fjármagn sé tryggt svo að viðunandi eftirlit geti farið fram.

Um 3. gr. e-lið (16. gr.).

Gjaldtaka Umhverfisstofnunar við umsýslu, sýnatöku, eftirlit og veitta þjónustu vegna flutnings úrgangs milli landa er í takt við mengunarbótaregluna (PPP). FUMÍ leggur áherslu á að gjaldtaka sem snertir meðhöndlun og förgun úrgangs sé í samræmi við mengunarbótaregluna eins og þegar er kveðið á um í 11. gr. laganna. Um leið vill félagið benda á að fylgja þurfi eftir að gjald fyrir förgun úrgangs standi undir kostnaði við förgun sbr. fyrrnefnda grein laganna.

Um 3. gr. f-lið til h-lið. (17-19. gr.)

Allir þessir liðir eiga það sameiginlegt að tryggja að fjármögnun hamli ekki viðeigandi meðhöndlun á úrgangi. Skýr fjárhagsleg ábyrgð aðila getur komið í veg fyrir að úrgangur, ólöglega fluttur eður ei, dagi uppi og sé ekki meðhöndlaður á viðeigandi hátt.

Um 5. gr. Um l-lið (20. gr.)

Sérstaklega er brýnt að setja ákvæði sem að banna útflutning tiltekins úrgangs til tiltekinnna landa svo að komið sé í veg fyrir þá tilhengingu að flytja úrgang frá iðnvæddum ríkjum til þróunarríkjanna sem hafa mörg hver ekki skýran lagaramma varðandi úrgangsmál. Slíkt getur verið á kostnað umhverfis og íbúa viðkomandi móttökulands. FUMÍ telur að þessi liður mætti vera skýrari í frumvarpinu.

f.h. stjórnar Félags umhverfisfræðinga á Íslandi

Eygerður Margrétardóttir  
Sigríður Droplaug Jónsdóttir



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 137/108*  
*komudagur 5.6.2009*

Umhverfisnefnd Alþingis  
Hildur Eva Sigurðardóttir  
nefndaritari  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 03. júní 2009  
2009060003/42-1-1  
TB  
jgo/tb

**Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs**


Vísað er til bréfs frá Umhverfisnefnd Alþingis, dags. 27. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 4. mál, flutningur úrgangs milli landa, EES-relgur.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki athugasemd við framangreint frumvarp.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson



**Alþingi**  
**Erindi nr. P 137/101**  
**komudagur 6.6.2009**

6.6.2009

Umhverfisnefnd Alþingis.

Meðhöndlun úrgangs, 4. mál

Ofangreint frumvarp barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar með bréfi dags. 27. maí 2009.

Sambandið gerir ekki athugasemd við frumvarpið, sem er lagt fram til innleiðingar á reglugerð EB nr. 1013/2006 um flutning úrgangs.

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga,  
Guðjón Bragason

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfisnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. júní 2009

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, með síðari breytingum, 4. mál.**

Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar og er þetta sameiginleg umsögn þeirra.


Með frumvarpinu er ætlunin að lögfesta ákvæði Evrópureglugerðar nr. 1013/2006. Með því er innleitt verklag um flutning á úrgangi sem tíðkast um alla Evrópu og hefur að nokkru verið stundað hér. Að auki er Umhverfisstofnun heimilt að innheimta gjald vegna umsýslu við tilkynningar, sýnatöku og eftirlit. Í fylgiskjali með frumvarpinu segir að árlega séu 20-30 farmar úrgangs fluttir úr landi og er áætlað að kostnaður stofnunarinnar vegna þeirra verði um 2 m.kr. á ári. Umsagnaraðilar átta sig ekki á hvernig talan 20 – 30 farmar er tilkomin né hvernig ætlunin er að innheimta 2 m.kr. vegna þeirra flutninga sem héðan eru stundaðir af nokkrum fyrirtækjum. Einungis lítill hluti úrgangs er tilkynningaskyldur og sýnataka og eftirlit hefur ekki verið reglulegt. Þetta vekur áhyggjur og ástæða þykir til að árétta að gjalddöku af þessu tagi skal vera stillt í hóp og sú vinna sem stjórnvöld leggja í eftirlit í samræmi við umfang rekstursins. Æskilegt væri að eftirlit væri samþætt öðru eftirliti sem nú þegar er til staðar.

Í 3. gr. b. (13. gr.) er ákvæði um að Umhverfisstofnun skeri úr um ágreining um hvort um vöru eða úrgang sé að ræða ef vafi leikur á því. Sú ákvörðun á ekki að vera áfrýjanleg. Hér getur verið um mikið hagsmunamál að ræða því eins og sést af þessum lagabálki er stjórnslásla í kringum flutning á úrgangi mun þyngri og meira íþyngjandi en vegna flutnings á öðrum vörum. Skil á milli úrgangs og hráefnis geta verið óljós, einkum þegar verslað er með endurunnið efni. Spurningin er hvenær hættir úrgangur að vera úrgangur og verður endurinnið hráefni. Þar sem um mikið hagsmunamál er að ræða leggja umsagnaraðilar til að hægt verði að skjóta ákvörðun Umhverfisstofnunar til æðra stjórnvalds, þ.e. umhverfisráðuneytis.

Í sömu grein er að finna ákvæði sem hljóðar svo: "Óheimilt er að flytja tiltekna tegundir úrgangs milli tiltekinna landa..." og að ráðherra skuli setja reglugerð um þau lönd og úrgang sem þetta ákvæði nær til. Æskilegt er að fram komi til hvaða úrgangs þessu er ætlað að ná og þá eins hvaða landa. Án frekari útskýringa er þetta ákvæði allt of vítt auk þess að vera frekar einkennilegur lagatexti.



Pétur Reimarsson  
Samtök atvinnulífsins



Bryndís Skúladóttir  
Samtök iðnaðarins

Alþingi  
Erindi nr. P 137/56  
komudagur 2.6.2009




Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Egilsstöðum 2. júní 2009

**Efni: Umsögn Skógræktar ríkisins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/ 2003, með síðari breytingum.**

Skógrækt ríkisins gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

F.h. Skógræktar ríkisins

  
Þróstur Eysteinnsson  
Sviðsstjóri þjóðskóganna

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 137/138*  
*komudagur 10.6.2009*

9.6.2009

**Nefndasvið Alþingis**  
c/o Umhverfisnefnd

Tilvísun: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum

Beðist er velvirðingar á því að ábendingar berast eftir tiltekinn frest. SORPA vill eftir sem áður koma eftirfarandi ábendingu á framfæri:

Ekki er gert ráð fyrir að úrskurði Umhverfisstofnunar um hvað er vara og hvað er úrgangur verði áfrýjað til æðra stjórnvalds. Afar ólíklegt er að slíkt fyrirkomulag sé skynsamlegt enda eðlilegt að sá möguleiki sé fyrir hendi að skjóta ákvörðunum til æðra stjórnstigs.

Með bestu kveðju / Greetings,

**Björn H. Halldórsson**  
Framkvæmdastjóri / CEO  
Gufunesi  
112 Reykjavík  
Iceland

Sími / Tel: +(354) 520 2200  
Símbref / Fax: +(354) 520 2209

**SORPA**



**Frumvarp til laga  
um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs,  
nr. 55/2003, með síðari breytingum .**

Sigurbjörg Sæmundsdóttir  
3. júní 2009


Alþingi  
Eriandi nr. B 137/63  
komudagur 3.6.2009



**Reglugerð (EB) nr. 1013/2006 um flutning úrgangs  
(BASEL-BAN)**

**Frestur til að innleiða reglugerðina í íslenska löggjöf rann  
út 6. desember 2008**

**Reglugerðin tengist BAN-samþykkt við Baselsamninginn  
(alþjóðasamningi um eftirlit með flutningi spilliefna  
milli landa og förgun þeirra)**



Skil á upplýsingum um þær tegundir úrgangs sem eru  
endurnýttar eða endurnotaðar  
(2. gr. frv.)





## **Breytingar vegna BASEL**

- banna útflutning, innflutning og umflutning tiltekins úrgangs frá og til tiltekinna landa, annars vegar til förgunar og hins vegar til endurnýtingar
- ákvæði um hvað skuli gera þegar um ólöglegan útflutning á úrgangi er að ræða og um skyldur aðila til að taka við honum til baka
- ákvæði um hvað skuli gera þegar ólöglegur flutningur úrgangs frá öðru landi uppgötvast hér á landi



## **Breytingar vegna BASEL, frh.**

- gjaldtökuheimild til handa Umhverfisstofnun vegna umsýslu við tilkynningar og eftirlit
- lagastoð fyrir tilkynningarskyldu styrkt þar sem hún er nú aukin í EB-gerðinni og nær yfir fleiri tegundir úrgangs
- upplýsingagjöf til Umhverfisstofnunar og um hve mikið af þeim upplýsingum skuli bundið trúnaði



Hefur verið unnið samkvæmt EB(BASEL-BAN)  
reglugerðinni þó að lagastoð skorti þar sem það er forsenda  
fyrir flutningi úrgangs til og frá Íslandi

Ekki hægt að flytja úrgang frá Íslandi til annarra ríkja EES-  
svæðisins án þess að lögð sé fram trygging og notuð séu rétt  
eyðublöð við tilkynningu á flutningnum

Ýmsir vankantar í sambandi við flutning á úrgangi milli landa  
þar sem Ísland hefur ekki innleitt reglugerðina og er því afar  
mikilvægt að innleiða ákvæði hennar hér á landi sem fyrst.



Br. á 9. gr. laganna

Rekstraraðili skal skila til Umhverfisstofnunar upplýsingum um þær tegundir úrgangs sem eru endurnýttar eða endurnotaðar

Nauðsynlegt m.a. til að fá tölulegar upplýsingar sem skila á til ESA og til að fylgjast með því hvernig gengur að ná þeim markmiðum sem sett eru um endurnýtingu

Einnig nauðsynlegt fyrir frekari stefnumótun að hafa upplýsingar um magn úrgangs sem er endurnýttur og endurnotaður

10.6.2009

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 137/153*  
*komudagur 10.6.2009*

Umhverfisnefnd Alþingis.

Úrvinnslusjóður hefur fengið til umsagnar með bréfi dags. 27. maí 2009 frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 4. mál. flutningur úrgangs milli landa, EES-reglur.

Úrvinnslusjóður hefur ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,  
Íris Gunnarsdóttir

Alþingi  
Erindi nr. P 137/165  
komudagur 12.6.2009



Nefndasvið Alþingis  
Umhverfisnefnd  
b/t Hildar Evu Sigurðardóttur  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. júní 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum (4. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á ofangreindum lögum vegna innleiðingar reglugerðar ESB nr. 1013/2006.*

Viðskiptaráð gerir einkum þrjár athugasemdir við frumvarp þetta. Í fyrsta lagi er það mat ráðsins að sú skýrslugerð rekstraraðila, sem kveðið er á um í 2. gr. og 3. gr. frumvarpsins, sé í senn bæði íþyngjandi og óþörf. Ekki er að finna ákvæði um sambærilega upplýsingagjöf í reglugerð þeirri sem frumvarpinu er ætlað að innleiða né vísan til þess hvernig slíkri upplýsingagjöf er almennt háttað innan ESB. Að auki er erfitt að sjá fyrir nauðsyn slíkrar upplýsingagjafar þegar liggur að mestu fyrir að skila þarf inn töluverðum fjölda gagna og upplýsinga til Umhverfisstofnunar við flutning úrgangs hverju sinni. Skortir því verulega á rökstuðning fyrir skyldum þessara ákvæða.

*Viðskiptaráð leggur til að 2 og 3. gr. frumvarpsins verði felldar brott.*

Í öðru lagi brýnir Viðskiptaráð fyrir nefndinni, ráðuneytinu og UST að gjald það er kveðið er á um í e. lið 3. gr. taki aðeins mið af kostnaði við veitta þjónustu skv. frumvarpinu. Alltof of virðist pottur brotinn hvað þetta varðar og opinber gjaldtaka tekur þar með stöðu skatta. Vegna þessa er einkar mikilvægt að samráð verði haft við fleiri hagsmunaaðila en UST, líkt og þau fyrirtæki sem falla strax undir ákvæði laganna, þegar gjaldskrá ráðherra er til meðferðar í ráðuneytinu.

*Viðskiptaráð leggur til að kveðið verði á um það í e. lið 3. gr. frumvarpsins og/eða greinargerð þess með því ákvæði að ráðherra skuli leita álits og umsagna fleiri en UST við samningu fyrrgreindrar gjaldskrár.*

Í þriðja lagi mætti skýra ákvæði frumvarpsins um tryggingar betur til samræmis við fyrrgreinda reglugerð ESB. Í reglugerðinni er t.a.m. kveðið á um að viðeigandi eftirlitsstofnun megi falla frá því að ábyrgð sé skilað inn með tilkynningum um útflutning og þess í stað sé tilvist ábyrgðar sönnuð með tilheyrandi hætti, sbr. 5. tl. 4. gr. reglugerðarinnar. Jafnframt er ekki að finna í frumvarpinu ákvæði um hvenær tryggingunni skuli skilað aftur til rekstraraðilans, en skv. reglugerðinni á það að gerast þegar eftirlitsstofnunin hefur fengið tilskilið skírteini um

meðhöndlun úrgangsins, sbr. e. liður 16. gr. reglugerðarinnar. Í því ákvæði eru svo sett tímamörk á skilum slíkra skírteina.

*Viðskiptaráð leggur til að f. lið 3. gr. verði breytt annars vegar þannig að rekstraðilum sé heimilt að leggja fram sönnun um tilvist ábyrgðar í stað þess að tryggingu sé framvísað í hvert skipti. Hins vegar er lagt til að kveðið sé á um hvenær og í hvaða tilvikum UST beri að skila tryggingum aftur til rekstraraðila.*

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki óbreytt fram að ganga.**

Virðingarfyllt,

*Haraldur I. Birgisson*

---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs